

Prestafélag Íslands

23. október 2025

Til kirkjuþings

Ályktun um mál nr. 35 / 2024-2025

Stjórn Prestafélags Íslands telur mikilvægt að friður og stöðugleiki fari að nást innan íslensku kirkjunnar. Undanfarin kirkjuþing hafa einkennst af margsháttar og oft illa ígrunduðum breytingum – sem stundum er breytt til baka þegar nýtt kirkjuþing kemur saman – eða jafnvel af sama þingi árið eftir. Það er álit stjórnar Prestafélagsins að mikilvægt sé að Þjóðkirkjan komi sér upp vel ígrundaðri stjórnarskrá, sem tæki til grundvallarskipunar kirkjunnar og ekki væri hægt að breyta nánast umhugsunarlaust eins og svo oft virðist hafa verið. Þau mál sem hér um ræðir ættu tvímælalaust að falla undir slíka stjórnarskrá – sem ætti að vinna af vandvirkni og bera undir kirkjufólk á héraðsfundum um allt land. Það er skoðun stjórnar Prestafélags Íslands að farsælast væri að bíða með breytingar þar til slík stjórnarskrá veður samin.

Prestafélagið hvetur kirkjuþing til að leita annara leiða til að efla lýðræði í kirkjunni en að fækka vígðum, djáknum og prestum, sem hafa mikilvæga fagþekkingu á þjónustu kirkjunnar.

Virðingarfyllt.

Stjórn Prestafélags Íslands.